

Föstudaginn 29. sept. 1922.

Nr. 39/1922.

Valdstjórnin

(Pjetur Magnússon)

gegn

Pjetri Hoffmann

(Jón Ásbjörnsson).

Brot á aðflutningsbannslögum á áfengi.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 3. júní 1922: Kærði Pjetur Hoffmann greiði 250 kr. sekt í ríkissjóð, og sæti auk þess 4 daga einföldu fangelsi. Framangreint áfengi skal vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talinn varðhaldskostnaður, greiði kærður.

Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Brot kærða ber að heimfæra undir 8. gr. og 15. gr., 2. málsgr. laga nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, og þykir refsing hans hæfilega metin samkvæmt nefndum lagagreinum, sbr. 17. gr. laganna, 250 kr. sekt til ríkissjóðs. Áfengi það, er umræðir í dómnum, með umbúðum, skal upptækt og eign ríkissjóðs.

Allan kostnað sakarinnar í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflytningulaun til sækjanda og verjanda, 50 kr. til hvors, ber kærða að greiða.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Pjetur Hoffmann, greiði 250 króna sekt í ríkissjóð og allan kostnað sakarinnar í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin mál-

flutningslaun til sækjanda og verjanda, málaflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 50 kr. til hvors. — Framannefnt áfengi með umbúðum skal upptækt vera og eign ríkissjóðs.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Að kvöldi 21. apríl þ. á. fengu lögregluþjónar bæjarins grunum, að kærði Pjetur Hoffmann hjer í bænum, hefði um hönd ólöglega sölu á áfengi. Til þess nú að ganga úr skugga um þetta, fór Hermann nokkur Erlendsson, sjómaður hjer í bænum, heim til kærða, að fyrirlagi annars lögregluþjónsins, fyrst kl. 10 um kvöldið og keypti $\frac{1}{2}$ flösku af brennivíni hjá kærða og borgaði honum 7 kr. 50 au, fyrir $\frac{1}{2}$ flöskuna. Nokkru síðar sama kvöldið fór tjeður Hermann Erlendsson aftur heim til kærða, pantaði hjá honum heilflösku af brennivíni, fjekk á flöskuna að vörmu spori hjá kærða og borgaði honum 15 kr. fyrir áfengið, en glerið lagði Hermann sjálfur til.

Kærði hefir kannast við þessi viðskifti. Ennfremur er það sannað með játningu kærða og öðrum gögnum, að þetta sama kvöld seldi hann Jónasi Sigurðssyni og Alfons Hannessyni, sjómönnum hjer í bænum, sína hálfflöskuna hvorum af brennivíni, og borguðu þeir honum, Alfons Hannesson 7 kr. fyrir flöskuna en Jónas Sigurðsson 7 kr. 50 aur.

Þetta umrædda kvöld var gjörð húsleit hjá kærða og fundust hjá honum þjáturdunkur með á að giska 2—3 lítrum af ómengduðum spíritus og 1 fl. kognak. Tók lögreglan áfengið í sínar vörslur. Kærði hefir gefið þá skýrslu fyrir rjettinum, að áfengið hafi hann keypt af manni í Reykjavík, er hann áleit að væri þýskur, þar eð hann talaði á eigi góðri dönsku og kvaðst vera á þýskum togara. Kveðst kærði hafa borgað 15 kr. fyrir spíritusinn, en 6 kr. fyrir kognaksflöskuna.

Eftir framburði kærða keypti hann áfengi þetta meðan hann dvaldi í Reykjavík í vetur, en þangað fór hann í mars, en kom hingað aftur 9. apríl.

Kærði hefir eigi áður sætt hegningu fyrir neitt lagabrot, en

hann hefir orðið 4 sinnum sekur um brot á lögreglusamþykktum Reykjavíkur og Ísafjarðar, í öll skiftin fyrir að hafa verið drukkinn á almannafæri, sem sje í Reykjavík tvisvar, árið 1920 og 21, og fjekk 70 kr. sekt í fyrra skiftið en 50 kr. sekt í síðara skiftið, á Ísafirði 50 kr. sekt 1921 og 100 kr. sekt 1922.

Með framangreindum aðgerðum hefir kærði orðið brotlegur við lög nr. 91, 14. nóv. 1917 um aðflutningsbann á áfengi, þar sem hann á ólöglegan hátt hefir keypt áfengi, er hann eigi hefir sagt til, og verður þá, samkvæmt 11. gr. þeirra, að líta svo á, að hann hafi gjörst brotlegur gegn 1. gr. laganna, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin eftir 14. gr. þeirra 250 kr. sekt til ríkissjóðs, og þar sem það er sannað, að kærði hefir selt áfengi til framangreindra 3 manna, þykir hann ennfreður eiga að sæta fangelsisrefsingu, er ákveðst 4 daga einfalt fangelsi samkvæmt 14 gr. tjeðra laga. Allan af málinu leiddan og leiddandi kostnað, þar með talinn varðhaldskostnaður, greiði kærði. Framangreint áfengi dæmist upptækt og verður eign ríkissjóðs.

Málinu hefir verið hraðað tilhlýðilega og meðferð þess vítalaus.

Föstudaginn 29. sept. 1922.

Nr. 33/1922.

Bæjarstjórn
Siglufjarðarkaupstaðar
gegn
Theodor Jakobssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.